

# Söfnunartryggingarskilmálar - sjálfstæð

## 1. GR. SKILGREININGAR

**Félagið:** Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

**Váttryggingartaki:** Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið.

**Váttryggður:** Sá einstaklingur sem váttryggingin tekur til.

**Söfnunarleiðir:** Val váttryggingartaka á sjóðum félagsins.

**Endurkaupsverð:** Endurkaupsverð váttryggingarinnar er uppsafnaður sparnaður ásamt vöxtum, að frádregnum kostnaði samkvæmt gjaldskrá.

**Váttryggingarfjárhæð:** Inneign að viðbættu 1%.

**Verðgildi einingar:** Heildarverðmæti sjóðsins deilt með fjölda eininga.

**Samningstími:** Er tímabilið frá útgáfudegi skirteinis til loka samnings.

**Inneign:** Heildarverðmæti eininga.

**Fríttrygging:** Ef váttryggingartaki hættir með reglulegan sparnað, þá eru seldar einingar til að viðhalda tryggingunni þar til einingarnar eru uppnar, en þá fellur tryggingin niður.

**Kaupdagur:** Sá dagur sem keyptar eru einingar eftir að innborgun berst félaginu.

**Kaupgengi:** Félagið kaupir einingar af váttryggingartaka við innlausn á kaupgengi.

**Sölugengi:** Félagið selur váttryggingartaka einingar við innborgun á sölugengi.

**Váttryggingaratburður:** Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

**Váttryggingarskirteini:** Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

**Réttthafi:** Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarsamningi og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið.

**Aðalgjalddagur:** Aðalgjalddagur váttryggingarinnar er einu sinni á ári.

## 2. GR. ALMENN ÁKVÆÐI

Um váttryggingu þessa gilda eftirfarandi váttryggingarskilmálar, ákvæði sem skráð eru á skirteinið, lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og lög nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Einnig geta átt við lög um opinber gjöld og skattlagningu.

Undirrituð umsókn um váttryggingu þessa og önnur gögn sem tengjast töku hennar eða endurnýjun eru hluti váttryggingarsamningsins.

## 3. GR. GILDISTAKA

Sé ekki samið sérstaklega um gildistöku váttryggingarinnar tekur hún gildi þegar félagið hefur samþykkt útfyllta og undirritaða umsókn með öðrum nauðsynlegum upplýsingum og vottorðum.

Váttryggingartaki hefur 30 daga frest (iðrunarfrestur) til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

## 4. GR. HEIMILD VÁTTRYGGINGARTAKA TIL UPPSAGNAR Á VÁTTRYGGINGUNNI

Váttryggður getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

## 5. GR. FJÁRFESTINGARÁHÆTTA

Söfnunartrygging þessi er einingatengd trygging þar sem váttryggingartaki tekur að öllu leyti eigin áhættu á söfnunarleið sinni og gefur félagið engin loforð um ávöxtun söfnunarinnar.

## 6. GR. ENDURKAUPSVERÐ OG FRÍTTRYGGING

Váttryggingartaki sem hættir innborgun á samningstímanum, hefur rétt á að fá greidda inneign sína (endurkaupsverð) og/eða rétt á að breyta í fríttryggingu samkvæmt gjaldskrá félagsins.

## 7. GR. IÐGJALDAGREIÐSLUR

Iðgjöld tryggingarinnar greiðast með reglubundnum hætti á samningstímanum eins og um er getið í tryggingarskirteininu. Iðgjöld skulu greiðast með þeim hætti sem umsókn kveður á um, nema samið sé um annað fyrirkomulag síðar.

Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag, sem váttryggingarskirteinið er gefið út. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á þeim dögum sem skirteinið tilgreinir. Berist iðgjaldsgreiðsla ekki innan 30 daga frá gjalddaga gilda eftirfarandi ákvæði:

- Ef enginn sparnaður hefur myndast fellur ábyrgð félagsins niður.
- Ef sparnaður hefur myndast breytist tryggingin í fríttryggingu skv. skilgreiningu í 1. grein.

Samningur um trygginguna tekur gildi að nýju þegar iðgjald hefur verið greitt, enda sé váttryggður þá á lífi og ekki liðnir þrjú mánuðir frá fyrsta ógreidda gjalddaga. Skulu þá öll ógreidd iðgjöld tryggingarinnar greidd.

## 8. GR. RÁÐSTÖFUNDAGJALDA

Við útgáfu skirteinis ákveður váttryggður söfnunarleið sína og hvernig iðgjaldi að frádregnum kostnaði er skipt milli sjóða félagsins, sem fram koma á umsókn.

Félagið selur váttryggingartaka einingar þegar innborgun berst félaginu.

## 9. GR. BREYTINGAR Á SAMNINGI

- Váttryggður getur gert breytingar á innborgunum og verðinni á samningstímanum samkvæmt gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.
- Váttryggður getur fært einingar úr einum sjóði í annan samkvæmt gjaldskrá félagsins, að uppfylltu skilyrði um lágmarksfjárhæðir.
- Váttryggður getur óskað eftir því að greiða ekki iðgjöld í eitt tímabil að hámarki 6 mán. á hverjum fimm árum frá upphafsdegi samningsins.

Breytingar á samningi taka gildi á næsta kaupdegi eftir að umsókn um breytingu hefur borist félaginu.

## 10. GR. ÚTBORGUN Á SAMNINGSTÍMA

Váttryggður öðlast rétt til að innleysa einingar sem samsvara 1/3 af inneign, einu sinni á hverjum fimm árum frá upphafsdegi samningsins.

## 11. GR. ÚTBORGUN VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR

Við lok samningstíma váttryggingarinnar er inneign laus til útborgunar. Ef váttryggður innleysir ekki inneign sína framlengist samningurinn sjálfkrafa en ekki váttryggingin án nýrrar umsóknar.

Látist váttryggður greiðist váttryggingarfjárhæðin.

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

Við útborgun váttryggingarfjárhæðar fellur váttryggingin úr gildi.

#### *12. GR. VERÐTRYGGINGARÁKVÆÐI*

Gildandi váttryggingarfjárhæð kemur fram á tryggingarskírteininu og fylgir iðgjaldið og váttryggingarfjárhæðin vísitölu neysliverðs og breytist á aðalgjaldsdaga í janúar ár hvert.

#### *13. GR. VEÐSETNING*

Heimilt er að veðsetja söfnunartryggingu þessa að undangenginni skráningu hjá félaginu.

#### *14. GR. FYRNING*

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

#### *15. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU*

Ágreining um bótaskyldu félagsins má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna, málskotsaðila að kostnaðarlausu. Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefndir þessar og starfshætti þeirra veitir félagið.

Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

#### *16. GR. MÁLSMEÐFERÐ*

Mál sem kunna að rísa vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar nr. ES1029  
Gilda frá og með 01.01.2006  
Var áður AS111